Breytingartillögur Viðreisnar í Kópavogi við fjárhagsáætlun 2027

Breytingartillögur Viðreisnar í Kópavogi við fjárhagsáætlun ársins 2027 snúa að breyttri forgangsröðun fjármuna innan málaflokks leikskóla og dagvistunar. Markmiðið er að nýta fjármuni bæjarins betur og beina þeim í raunhæf og raunveruleg úrræði sem lækka kostnað barnafjölskyldna við dagvistun.

Lagt er til að heimgreiðslur verði felldar niður og þeim 96 milljónum króna sem áætlaðar eru til þeirra á árinu 2027 verði þess í stað að hluta ráðstafað til að hækka systkinaafslátt af leikskólagjöldum og auka niðurgreiðslur enn frekar vegna vistunar barns hjá dagforeldri.

Með þessum breytingum vill Viðreisn í Kópavogi beina fjármunum í að bæta dagvistunarúrræði og lækka kostnað foreldra, í stað þess að sveitarfélagið stígi inn á verksvið ríkisins með illa útfærða framlengingu fæðingarorlofs sem hvorki tryggir foreldrum viðunandi framfærslu né þau réttindi sem fylgja þátttöku á vinnumarkaði. Heimgreiðslur eru í besta falli takmörkuð tilraun til að veita foreldrum valfrelsi, enda verður valið seint raunverulegt ef fjárhagslegar forsendur þess eru ekki fyrir hendi. Tillögurnar fela þannig í sér breytta ráðstöfun fjármuna innan sama málaflokks, án þess að auka heildarútgjöld bæjarins.

I. Heimgreiðslur falla niður

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkir að heimgreiðslur til foreldra vegna barna sem ekki eru í dagvistun verði felldar niður frá og með 1. janúar 2027.

Útgjöld vegna heimgreiðslna, sem áætluð eru 96 milljónir króna á árinu 2027, falli þar með niður og fjárhagsáætlun verði breytt til samræmis.

Greinargerð

Heimgreiðslum var komið á fót árið 2023 þegar fjölskyldur biðu lengi eftir leikskólaplássi og var greiðslunum meðal annars ætlað að létta undir með fjölskyldum á meðan á þeirri bið stóð. Biðlistar eftir leikskólaplássum hafa hins vegar batnað til muna. Börn komast nú mun fyrr inn á leikskóla en áður og hefur Kópavogsbær meðal annars náð að bjóða hluta barna leikskólapláss strax að loknu fæðingarorlofi. Forsendur heimgreiðslna eru því ekki lengur þær sömu og þegar þeim var komið á. Þegar árangur næst í að bæta leikskólaþjónustu er mikilvægt að sýna fyrirhyggju og endurskoða þau úrræði sem komið var á fót þegar þjónustan var ekki nógu góð.

Heimgreiðslur fela í sér að sveitarfélagið greiðir foreldrum fyrir að vera heima með börn sín í stað þess að nýta dagvistun. Viðreisn í Kópavogi telur það ekki skynsamlega ráðstöfun fjármuna. Fæðingarorlof er á ábyrgð ríkisins og það er ekki hlutverk sveitarfélaga að fjármagna ófullnægjandi framlengingu þess úr bæjarsjóði undir því yfirskini að verið sé að auka valfrelsi foreldra.

Heimgreiðslur geta einnig haft neikvæð áhrif á atvinnuþátttöku og jafnrétti kynjanna. Rannsóknir sýna að það eru einkum konur sem taka á sig aukna umönnunarábyrgð þegar dagvistun barna er ekki fyrir hendi og hafa erlendar rannsóknir sýnt fram á að heimgreiðslur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026

dragi úr atvinnuþátttöku mæðra. Lengri fjarvera frá vinnumarkaði getur haft áhrif á tekjur þeirra, starfsþróun og lífeyrisréttindi. Heimgreiðslur koma ekki í stað launa, líkt og fæðingarorlof gerir, og tryggja foreldrum ekki þau réttindi sem fylgja þátttöku á vinnumarkaði, svo sem ávinnslu lífeyrisréttinda og rétt til launa í veikindum. Fjarvera frá vinnumarkaði getur jafnframt skert rétt foreldris til tekjutengdra greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði við fæðingu annars barns.

Þá þarf einnig að horfa til þess að þegar foreldrar draga úr atvinnuþátttöku sinni eða hverfa tímabundið af vinnumarkaði getur það haft áhrif á útsvarstekjur sveitarfélagsins. Kostnaður bæjarins af heimgreiðslum getur því verið meiri en sem nemur beinum útgjöldum vegna þeirra.

Viðreisn í Kópavogi telur fjármunum sveitarfélagsins betur varið í að tryggja fjölbreytt dagvistunarúrræði fyrir yngstu börnin, meðal annars með því að efla dagforeldrakerfið. Þannig væri auðveldara fyrir foreldra að snúa aftur til vinnu að loknu fæðingarorlofi í stað þess að sveitarfélagið greiði þeim fyrir að vera áfram heima.

Með tillögunni er lagt til að heimgreiðslur verði felldar niður og nemur áætluð hagræðing vegna breytingarinnar 96 milljónum króna á árinu 2027.

II. Hækkun niðurgreiðslna til dagforeldra

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkir að hækka mánaðarlegar niðurgreiðslur vegna daggæslu hjá dagforeldrum um allt að 40%, úr 125.000 krónum í allt að 175.000 krónur á barn, frá og með 1. janúar 2027.

Hækkunin skal skila sér að fullu til foreldra í formi lægri daggæslugjalda. Niðurgreiðslan skal þó takmarkast þannig að greiðsla foreldra verði ekki lægri en 60.000 krónur á mánuði. Sú takmörkun skal eingöngu gilda um hækkun niðurgreiðslunnar og ekki skerða rétt foreldra til niðurgreiðslu samkvæmt gildandi reglum.

Menntasviði verði falið að útfæra viðeigandi skilyrði sem tryggi að gjaldskrár dagforeldra hækki ekki á móti auknum niðurgreiðslum og að hækkunin skili sér til foreldra.

Útgjöld vegna niðurgreiðslna til dagforeldra, sem áætluð eru 125 milljónir króna á árinu 2027, hækki um allt að 50 milljónir króna og verði samtals að hámarki 175 milljónir króna. Fjárhagsáætlun verði breytt til samræmis.

Greinargerð

Dagforeldrar gegna mikilvægu hlutverki í dagvistun yngstu barna og eru mikilvægur valkostur fyrir foreldra að loknu fæðingarorlofi, sérstaklega þegar börn fá ekki leikskólapláss. Viðreisn í Kópavogi telur nauðsynlegt að efla dagforeldrakerfið og tryggja að kostnaður við daggæslu verði ekki til þess að foreldrar sjái sér ekki fært að nýta þjónustuna.

Kostnaður foreldra vegna daggæslu hjá dagforeldrum í Kópavogi getur numið allt að 180.000 krónum á mánuði, að teknu tilliti til u.þ.b. 125.000 króna niðurgreiðslu sveitarfélagsins. Til

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026

samanburðar eru leikskólagjöld vegna 8 klst vistunar um 60.000. Um er að ræða verulegan kostnaðarmun og mikinn útgjaldalið fyrir ungar barnafjölskyldur.

Með tillögunni er lagt til að niðurgreiðslur Kópavogsbæjar hækki um allt að 50.000 krónur á mánuði fyrir hvert barn. Hækkunin skal skila sér að fullu til foreldra og lækka þannig mánaðarlegan kostnað þeirra við daggæslu. Jafnframt er gert ráð fyrir að hækkunin taki mið af raunverulegum daggæslugjöldum þannig að ekki komi til óþarflega hárra niðurgreiðslna þegar gjaldskrá dagforeldris er sérstaklega lág.

Mikilvægt er að foreldrar hafi raunverulegt val um dagvistunarúrræði fyrir börn sín og geti snúið aftur til vinnu að loknu fæðingarorlofi. Með auknum niðurgreiðslum til dagforeldra er stuðlað að því að daggæsla verði fjárhagslega aðgengilegri fyrir fleiri fjölskyldur.

Viðreisn í Kópavogi telur skynsamlegra að verja fjármunum sveitarfélagsins til að efla dagvistunarúrræði og lækka kostnað foreldra við daggæslu en að greiða foreldrum fyrir að vera áfram heima með börn sín.

Áætlaður viðbótarkostnaður vegna tillögunnar nemur allt að 50 milljónum króna á árinu 2027.

III. Hækkun systkinaafsláttar af leikskólagjöldum

Viðreisn í Kópavogi tekur undir breytingartillögu Samfylkingarinnar um að systkinaafsláttur af dvalargjaldi í leikskólum Kópavogs hækki úr 50% í 75% fyrir annað barn frá og með 1. janúar 2027 og telur rétt að gera ráð fyrir fjárhagslegum áhrifum hennar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2027.

Áætluð tekjulækkun bæjarins vegna breytingarinnar nemur 25,3 milljónum króna á árinu 2027.

Leikskólagjöld í Kópavogi eru þau hæstu á landinu fyrir heils dags vistun. Í dag eru leikskólagjöld fyrir tvö systkini sem dvelja 8 klst. á dag í leikskóla komin yfir 100 þúsund krónur á mánuði.

Viðreisn í Kópavogi telur mikilvægt að draga úr fjárhagslegri byrði barnafjölskyldna og er hækkun systkinaafsláttar liður í því.

Samantekt

Með því að fella niður heimgreiðslukerfið má gera ráð fyrir 96 milljóna króna lækkun útgjalda á árinu 2027. Af þeirri fjárhæð skal 75,3 milljónum króna ráðstafað til hækkunar systkinaafsláttar af leikskólagjöldum og aukinna niðurgreiðslna vegna daggæslu hjá dagforeldrum.

Eftirstöðvar fjárhæðarinnar, samtals 20,7 milljónir króna, skulu koma til lækkunar á áætluðum rekstrarútgjöldum Kópavogsbæjar á árinu 2027.

María Ellen Steingímsdóttir, bæjarfulltrúi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026